

Eystrahorn

16. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 3. maí 2018

www.eystrahorn.is

Nýsköpun á mannamáli

Hvað gerir Nýsköpunarmiðstöð Íslands?

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Á einum stað er hægt að leita aðstoðar um allt sem viðkemur viðskiptahugmyndum og almennum rekstri fyrirtækja. Hægt er að leita til sérfræðinga á ýmsum sviðum um leiðsögn og upplýsingar varðandi mismunandi þætti hugmynda, reksturs og samstarf erlendis. Þar að auki er þessi þjónusta ókeypis.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands sendi nýlega verkefnastjóra á Djúpvog til tveggja ára til að sinna bæði afmörkuðum verkefnum sem og skoða ný tækifæri í samstarfi við stoðkerfið þar. Það má með sanni segja að á þessum tveimur árum voru ófá simtöl tekin og heimsóknir farnar til einstaklinga og fyrirtækja á suðaustur- og austurlandi þar sem samtal átti sér stað varðandi hugmyndir og fyrirhugaðar breytingar. Einnig voru haldin námskeið bæði sem sérsniðin eru að konum sem og fjölmörg örnámskeið allt frá Höfn í Hornafirði að Vopnafirði.



Afhending verðlauna í Ræsingu Fljótsdalshéraði 2017

fyrir stjórnendur ferðabjónustufyrirtækja sem vilja gera enn betur. Undir leiðsögn sérfræðinga kynnast þátttakendur verkferum sem efla þá sem stjórnendur, spegla sig í reynslu annarra fyrirtækja og efla tengslanetið. Tók Austurland af skarið með góðum árangri og nú er verkefnið í gangi á Vestfjörðum. Stefnt verður að því að kynna verkefnið fyrir öllum fjórum landshlutunum.



Ferðabjónustufyrirtækin sem tóku þátt í Ratsjá Austurland 2017 - 2018

Nýsköpun er tæki til vaxtar í samfélögum

Mikilvægi nýsköpunar er gríðarlegt þegar kemur að uppbyggingu samfélags. En hvað er nýsköpun? Hin almenna skilgreining nýsköpunar er sú að nýsköpun sé „að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.“ (Andri Heiðar Kristinsson. „Hvað er nýsköpun?“ Vísindavefurinn, 20. apríl 2007. Sótt 26. apríl 2018.) Þessi skilgreining á þá jafnt við um nýja eða

endurbættu vöru, þjónustu, tækni, aðferðafræði, framleiðsluáferð, stjórnskipulag eða leið til sölu- og markaðssetningar. Samfélög sem nýta nýsköpun og sköpunarkraft sem hluta af heildaráætlun ná oft að leysa rötgróin og óleyst vandamál eins og talað er um meðal annars í skýrslunni „Innovation and the City“ sem unnin var af Center for an Urban future og NYU Wagner. Nýsköpunarhugsun kallar fram sköpunarkraftinn og sköpunarkraftur eykur á nýsköpun. Um einmitt þetta atriði meðal annars tala John Bielenberg, Mike Burn, Greg Galle og Elizabeth Evitts Dickinson í bókinni „Think wrong“ Þar er meðal annars talað um að til þess að ná róttaekum breytingum fram verður vaninn að víkja. Við venjumst því að B tekur við af A og að stóll þurfi að hafa 4 lappir. Hugmyndafræðin „think wrong“ snýr að því að fara út fyrir kassann, út af vananum, hugsa róttækt og koma með jafnvel fáránlegar lausnir með það að markmiði að leysa vandamál; komast að því að X gæti mögulega tekið við af A.

Nýsköpun er því ekki bara áhugavert orð sem gáfulegt er að nota í ræðu og riti heldur nauðsynlegt fyrirbæri til þess að tannhjól samfélags snúist.

Katrín Jónsdóttir verkefnastjóri
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands



Örnámskeið í internetmarkaðssetningu á Höfn í Hornafirði 2017

Ræs!

Fyrsta verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Djúpvogi var Ræsing á Höfn í Hornafirði. Ræsing er átaksverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í atvinnuuppbyggingu. Verkefnið hefur það aðalmarkmið að efla nýsköpun á landsbyggðinni með öflugu stuðningsverkefni fyrir nýjar atvinnuskapandi hugmyndir. Tvö önnur ræsingar verkefni fóru fram, annað á Egilsstöðum og hitt á Seyðisfirði.

Ratsjá Austurland

Ratsjá Austurland var hleypt af stokkunum 2017 og er það verkefni sjálfstætt framhald af Ratsjár verkefni sem hófst 2016. Ratsjain er sex vikna svæðisbundið þróunar- og nýsköpunarverkefni

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí 2018 rennur út 5. maí 2018 kl. 12.00.

Framboð fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð skilist til oddvita yfirkjörstjórnar, Vignis Júlíussonar Sandbakka 21, Höfn fyrir kl 12:00 laugardaginn 5. maí 2018.

Yfirkjörstjórn:
Vignir Júlíusson,
Zophonías Torfason og
Reynir Gunnarsson



**AFMÆLIS-
TÓNLEIKAR**
KVENNAKÓRS
HORNAFJARÐAR

Verða á Hafinu 5. maí
kl. 14.00

Tónleikarnir verða veglegri en
nokkru sinni fyrr.
Aðgangseyrir 2500 kr.

Á HAFINU LAUGARDAGINN 5. MAÍ



**BALL MEÐ MATTA MATT,
JÓGVAN OG BANDI**

Ballið hefst kl. 23.00 Miðaverð 3000, 18 ára
aldurstakmark

**Súpufundur með
frambjóðendum
í Sjallanum alla
laugardaga frá
kl. 11:00-13:00**




Eystrahorn

Fiskhól 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Sími: 588-4477 • www.valho.is
Hornafjarður - Reykjavík - Snaefellnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valho.is

Snorri Snorrason
lögg. fasteignasali
Sími: 478-2000
GSM: 895-2115
snorri@valho.is



SVALBARÐ

Reisulegt og fallett 182.2m²,
steinsteyp einbýlishús ásamt
17,5 m² timbur bílskúr, samtals
199,7 m². Húsið er á 2 megin
hæðum ásamt kjallara og
ris. Mikið endurnýjað hús, 5
herbergi, 2 stofur og stór verönd
út frá stofu.



HÖFÐAVEGUR 13

Tækifæri til fjárfestingar, stór lóó!
Tvær íbúðir af þremur til sölu í
húsinu.
Mikið endurnýjað (2010) og
vel skipulögð 60,8 m² 2ja
herbergja íbúð á neðstu hæð í
þrívílishúsi við Höfðaveg á Höfn
í Hornafirði. Sér inngangur.



HÖFÐAVEGUR 13

Tækifæri til fjárfestingar, stór lóó!
Tvær íbúðir af þremur til sölu í
húsinu.
Vel skipulögð 54,2 m² 2ja
herbergja íbúð á efstu hæð í
þrívílishúsi við Höfðaveg á
Höfn í Hornafirði. Mikið útsýni til
allra átta.

**Sunnudaginn 6. maí kl. 14 -16
opnar 3.framboðið
kosningaskrifstofu sína í Miklagarði.**

Kaffi og vöflur í boði.
Hlökkum til að sjá ykkur.

**Opnunartímar í Miklagarði fram
að kosningum:**

- Opið allar helgar frá kl. 12-16
(en lokað á hvítasunnudag)
- Daglega frá 21. maí kl. 16:30-18:30

Verið velkomin í kaffi og spjall við
frambjóðendur.



Tónleikar vors og valsa

Gleðigjafar, kór eldri Hornfirðinga,
heldur vortónleika sína **þann 10. maí**,
Uppstigningardag, en það er dagur aldraðra.

Tónleikarnir verða í Hafnarkirkju klukkan
16.00 og er söngskráin fjölbreytt.

Stjórnandi er Guðlaug Hestnes og um
undirleik sér Gunnar Ásgeirsson.

Aðgangseyrir er kr. 2000 og ekki tekin kort.

Verið hjartanlega velkomin og syngjum okkur
inn í vorið.



Jákvæðni byggir árangur !

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins verða með fundi sunnudaginn 6. maí á eftirfarandi stöðum:

Hofgarði Öræfum kl:11.00
Hótel Smyrlabjörg kl:15.00

Hlökkum til að sjá þig

Sjálfstæðisfélag Austur Skaftfellinga



Að byggja upp færni til framtíðar

Að verða foreldri er afar mikilvægt og oft á tíðum vandasamt hlutverk. Rannsóknir sýna að uppeldisaðferðir foreldra skipta miklu máli við að móta sjálfmynd barna, hvernig þroskamöguleikar barnsins nýtast á sem bestan hátt, og hversu vel þeim gengur að axla ábyrgð á eigin lífi. Því má segja að sú vinna og alúð sem lögð er í að vanda uppeldi fyrstu árin sé mikilvæg forvörn gegn þróun ýmiss konar vandamála og hremminga hjá börnum og unglíngum og skili sér margfalt í lífsgæðum, bæði foreldra og barna.

Minnispunktur fyrir foreldra og aðra uppaldendur.

Hvað er hegðun og hvaðan kemur hún ?

Hegðun eða atferli á við um allt sem einstaklingur gerir og er sýnilegt öðrum.

Hegðun er lærd en ekki meðfædd, þetta á jafnt við um „réttu“ og „ranga“ hegðun.

Þótt hegðun sé ekki meðfædd, fæðast börn þó með mismunandi skapgerð og aðra eiginleika eða tilhneigingar sem skipta máli fyrir þroska þeirra og horfur.

Þessir meðfæddu þættir hafa sitt að segja um samskipti á milli barnsins og annars fólks, þeir hafa áhrif á hegðun annarra gagnvart barninu og þar með á það hvernig hegðun barnsins mótast og þróast.

Það að hegðun er lærd, þýðir líka að það er hægt að móta hana markvisst og breyta með viðeigandi kennslu eða uppeldi.

Fyrirhugað er að halda námskeiðið Uppeldi sem virkar færni til framtíðar þann 17. maí n.k og verður það auglýst nánar.



Ester Þorvaldsdóttir
hjúkrunarfræðingur í ung og smábarnavernd



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Ester Þorvaldsdóttir
hjúkrunarfræðingur í ung og smábarnavernd

X-BAAS Í FORSETA FAS

BAAS er framtíð FAS



Strandhreinsun

Hreinsum ströndina
umhverfis Höfn

Laugardaginn 5.maí
Norðæni strandhreinsunardagurinn

Mæting við Gömlubúð kl.10

Gamlabúð
kl.10

Grill í hádeginu
að lokinni
hreinsun

Finndu okkur á facebook

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir leikskólakennara eða leiðbeinanda í 100% starf vinnutíminn er frá kl. 8.00 til 16.00.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum. Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.

Leikskólinn Sjónarhóll er sex deilda leikskóli sem staðsettur er á Höfn í Hornafirði. Leikskólinn verður opnaður í nýju húsnæði í ágúst 2018. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa gaman af að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólalastjóra á netfangið mariannaj@hornafjordur.is.

Byggjum upp

Jökulsárlón

Jökulsárlón er lykilstaður fyrir ferðþjónustu í okkar sveitarfélagi og eitt helsta aðdráttarafi þess. Það er nú komið undir mörk Vatnajökulsþjóðgarðs sem þýðir ekki að við eigum að skila auðu um skipulagsmálin þar. Þvert á móti gerir stjórnfyrirkomulag garðsins okkur kleift að forsvarsmenn sveitarfélagsins taki frumkvæðið. Ferlið verður hins vegar að vera opið sem fer viðsjarri hjá þeim sem nú koma að þessum málum. Fyrsta sem hafa ber í huga við gerð skipulagsins er hvert markmið þess á að vera.



Við viljum að uppbygging við lónið miði að því að nokkur lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa sterk tengsl við nærsamfélagið fái að koma þar upp aðstöðu, hvort sem um er að ræða afþreyingarfyrirtæki eða veitingafólk. Sanngjörn leiga þarf að sjálfsgöðu að koma fyrir aðstöðuna en það má hins vegar ekki gerast að vegna ásóknar fjársterkra aðila að vaxtarsprotum í ferðþjónustu á svæðinu verði ýtt úr vegi.

Skipulagsmál á Höfn

Fyrir liggur þörf í uppbyggingu íbúða í bæði dreifbýli og þéttbýli. Fjölbreytt framboð á lóðum innan Hafnar er mikilvægt sem aldrei fyrr og að huga vel að uppbyggingu grænna svæða. Við gerð skipulags er framtíðarsýn mikilvæg og fólk verður að hafa hugmynd um hvernig samfélagið á að þróast en dansa ekki eftir geðþótta ákvörðunum á hverjum tíma. Á Höfn þarf að halda áfram uppbyggingu strandstígs og grænna svæða.

Skipulagsmál til sveita

Það er ánægjulegt að núverandi meirihluta hefur tekist á fjórum árum, að ljúka því sem var nánast komið í höfn fyrir fimm árum - að klára skipulag í kringum félagsheimilin í sveitunum. Félagshéimilunum okkar þarf að sýna meiri sóma með bættu viðhaldi og snyrtilegri aðkomu. Nú hljóta menn að laga planið við Mánagarð í vor! Í dreifbýlinu er mikilvægt að íbúta og gestir upplifi ekki þrængslu. Sú sérstaða sem Ísland hefur, viðerni og andrými, verður að viðhalda.

Skipulagsmál og lýðræði

Íbúalýðræði hefur ekkert verið að flækjast fyrir okkur síðustu árin. Það er því mikilvægt að ljósmyndur vegi og meti hvort þeir vilji að vinnubrögð breytist við stjórn sveitarfélagsins. Leiðarljós okkar Framsóknarmanna í þeim efnunum er betra upplýsingaflæði, meira samráð og gott viðmót í samskiptum sveitarfélags og íbúa þess.

Verkefni eru mörg og sum brýn og krefjandi en ekkert þeirra óleysanlegt. Við Framsóknarmenn og stuðningsmenn þeirra bjóðum ykkur starfskrafta okkar næstu fjögur árin til þess að gera samfélag okkar allra enn sterkara.

Ásgrímur Ingólfsson

2. sæti á lista Framsóknar og stuðningsmanna þeirra

Hádegisfundur á Kaffi Horninu með þingmönnum Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur ritara og Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur varaformanni og ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarraðherra.

Mánudaginn 7.maí frá kl. 11.30-13.00

Allir velkomnir



Sjálfstæðisfélag Austur Skaftfellinga



Vinum saman

Vegna vegalengda þurfa Örafingar að vera sjálfum sér nógir með ýmsa þjónustu og afþreyingu. Grunnskólinn í Hofgarði og Leikskólinn Lambhagi eru þó að sjálfsgöðu í góðu samstarfi við systurskólana á Höfn.

Ýmis félög starfa í Örafum, þar á meðal er Ungmennafélag Örafa, UMFÖ. Fastir liðir eru útisamkoma á 17. júní og jólaskeiðunum, en auk þess er boðið upp á ýmsa viðburði yfir árið sem tengjast fræðslu, menningu eða útivist. Á síðasta ári voru það gönguferðir, sumarball, handavinnukvöld og bókmenntakynning. Stjórn UMFÖ hefur alltaf tekið því fegins hendi þegar einhver áhugasamur vill standa fyrir uppákomu, en allir viðburðir á vegum félagsins eru opnir öllum óháð félagsaðild.

Þegar ég var að alast upp voru Örafín landbúnaðarhérað og leiðin hingað lá um Flugvöllinn á Fagurhólsmýri, en þangað var áætluð flug. Þegar byggð var brú yfir Jökulá á Breiðamerkursandi varð auðveldara fyrir ferðamenn að aka hingað og þjóðgarður var stofnaður í Skaftafelli fyrir 50 árum til að mæta þörfum þeirra sem vildu koma til að njóta útivistar og náttúruferunda. Seinna varð sá þjóðgarður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og nú hefur orðið gríðarleg breyting á samfélaginu okkar. Ferðþjónustan er orðin öflug stöð undir atvinnulíf alls árið um kring og vonandi berum við gæfu til að hlúa að atvinnugreininni þannig að hún megi dafna í sátt við íbúa og gesti.

Einangrun getur þó stundum verið jákvæð! Kindur í Örafum hafa notið náttúrulegrar verndar jökulvatnanna, stofninn hefur sloppið við ýmsa sjúkdóma og bændur víða um land geta því keypt fé héðan ef þeir þurfa að endurnýja bústofn sinn.

Samsetning íbúa hefur breyst í takt við breytingar á atvinnuháttum og samgöngum. Eitt elsta stóra ferðþjónustufyrirtækið okkar er Hótel Skaftafell í Freysnesi með um 50 heilsársstarfsmenn (með lögheimili í sveitarfélaginu) og í kringum 20 sumarstarfsmenn til viðbótar.

Á síðustu árum hefur erlendum íbúum fjölgað, sérstaklega í tengslum við ferðþjónustuna. Það er vaxandi verkefni fyrir okkur að finna leiðir til að tengja saman íbúa úr ólíkum áttum, auðvelda erlendum íbúum að læra tungumálið okkar og að verða þátttakendur í samfélaginu. Mikil ánægja hefur verið með íslenskunámskeiðin sem haldin hafa verið í Örafum, þar hefur verið unnið gott starf.

En ég tel einnig mikilvægt að nýta tækni, nú er hægt að halda fundi í nefndum og ráðum í gegnum Skype tölvubúnað og það gefur okkur möguleika á að efla samskipti milli íbúa í sveitum og þéttbýli og í einhverjum tilvikum að spara akstur.

Tækni framfarir hafa opnað nýja möguleika í kennslu. Gaman væri að geta boðið aldurshópnum 40 + tækifæri til að bæta við sig þekkingu: í þeim hópi eru t.d. margir sem ekki nutu tungumálakennslu á sínum tíma en bættar samgöngur út í heim og nýbúar frá framandi löndum gefa okkur aukin tækifæri ef við tölum fleiri tungumál en íslensku. Ég vil gjarna sjá öflugt félagsstarf fyrir 50 ára og eldri þar sem hugað er að leiðum til að virkja alla íbúana, óháð búsetu. Við þurfum að hafa hugfast að sveitirnar græða á góðu þjónustustigi í þéttbýlinu og Hafnarbúar græða á sterku samfélagi í sveitunum, við þurfum að vinna saman.

*Sigrún Sigurgeirsdóttir,
2. sæti á lista 3.framboðsins*



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn

7., 8. og 9. maí.

Tímappantannir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 4. maí. Næsta skoðun 18, 19. og 20. júní.

Frumherji
Þegar vel er skoðað

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Mercedes-Benz í hringferð um landið

Mercedes-Benz heldur í hringferð um landið í maí og mun kynna úrval fólks- og atvinnubíla frá þýska lúxusbílaframleiðandanum á landsbyggðinni.



„Við gerum viðreist í maí og bjóðum íbúum á landsbyggðinni að kynna fjölbreyttum flota fólks- og atvinnubíla Mercedes-Benz. Til sýnis verða m.a. 35" breyttur X-Class, jepparnir GLS, GLE, GLC og GLA, auk hins sportlega CLA. Þá verðum við með V-Class og hinn dugmikla Vito atvinnubíl, sem báðir eru fjórhjóladrifnir. Þannig að þetta er nokkuð fjölbreytt flóra sem við ætlum að fara með um landið," segir Ásgrímur Helgi Einarsson, sölustjóri Mercedes-Benz fólksbíla hjá Bílaumboðinu Óskju.

Hringferðin hefst á Akranesi 1. maí þar sem Mercedes-Benz bílar verða kynntir hjá Bílás. Í framhaldinu verða kynningar á Grundarfirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn og hringferðin endar síðan á Selfossi 12. maí. Boðið verður uppá reynsluakstur á öllum stöðum.

Mercedes-Benz kynningarnar verða á eftirtöldum stöðum á landinu þessa daga frá kl. 12-16.

1. maí: Akranes, Bílás bílasala

2. maí: Grundarfjörður, við Kjörbúðina

3. maí: Sauðárkrókur, Bílaverkstæði KS

5. maí: Akureyri, Höldur bílasala

9. maí: Egilsstaðir, Bílaverkstæði Austurlands

10. maí: Höfn, N1

12. maí: Selfoss, Bílasala Selfoss

Jákvætt samfélag

Við sem búum hér í sveitarfélaginu Hornafirði og erum þátttakendur í samfélaginu getum haft margvísleg áhrif og mótað það mannlíf sem við búum við. Eftir að hafa búið hér í rúm tuttugu ár hef ég séð samfélagssálina sveiflast upp og niður. Við höfum tekið svartsýnissveiflur með tilheyrandi framkvæmdaleysi, algjör bölmóður og allir tala samfélagið niður, þegar betur árar tekur jákvæðnin völdin og uppbygging verður á flestum sviðum. Þá verður léttara yfir öllu.



Mannlíf og uppbygging

Fækkun í dreifbýlinu hefur snúist við og viðfangsefnið önnur en fyrir nokkrum misserum. Nú er ekki lengur rætt um að leggja niður skóla eða hvar eigi að skera niður, sveitirnar hafa öðlast nýtt líf með tilheyrandi mannlífi og uppbyggingu þökk sé ferðamanninum og þeim sem tóku þá ákvörðun að útbúa aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum.

Sömu sögu er að segja í þéttbýlinu, almenn bjartsýni er ríkjandi. Flestir sem hér búa hafa trú á samfélaginu og eru tilbúnir að byggja upp og leggja sitt af mörkum til að hér verði skemmtilegt og blómlegt mannlíf og næg atvinna er fyrir alla.

Í sterku samfélagi er fjölbreytt atvinnulíf mikilvægt, ekki endilega mikil vinna eða langur vinnudagur heldur margvíslegar atvinnugreinar svo að allir geti fundið vinnu við sitt áhugasvið.

Við þurfum að vera öflugri að laða til okkar ný og fjölbreytt störf, móta stefnu í ferðatengdri afþreyingu til langs tíma, gera sveitarfélagið Hornafirð að áfangastað sem vert að heimsækja og við íbúar getum verið stolt að taka á móti gestum.

Gullmola fullan af sögu

Nú þegar höfum við fullt af hlutum sem við sem samfélag getum verið stolt af, til dæmis erum með marga góða veitingastaði sem eru ofarlega á landsmælikvarða og við höfnina er komin skemmtilegur kjarni. Þar höfum við einnig gullmola, Miklagarð, fullan af sögu sem þarf að segja og varðveita. Væri sögu héraðsins ekki hátt gert undir höfði með að hafa hana í Miklagarði, endurbyggja húsið í nánast sömu mynd og koma fyrir sýningu í hluta húsins og hafa vinnustofur fyrir frumkvöðla í skapandi greinum í öðrum hluta þess? Hægt væri að tengja atvinnulífið við höfnina með því að leyfa ferðamönnum að fylgjast með löndun smábáta og vinnu við eina undirstöðugrein þjóðarinnar, fyrir framan Miklagarð.

Ég býð mig fram til sveitarstjórnar því ég hef áhuga á að búa í kraftmiklu, jákvæðu samfélagi.

Bryndís Hólmarsdóttir

4. sæti á lista Sjálfstæðisanna.



ATVINNA

Auglýst er eftir sundlaugarverði við Íþróttamiðstöð Hornafjarðar.

Um er að ræða 100% starf til framtíðar.

Starfstími er í samræmi við vaktatöflu. Einungis er um að ræða stöðu fyrir kvenmann.

Helstu verkefni:

Afgreiðsla, þríf og almennt eftirlit með gestum og húsinu.

Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Ingi Valgeirsson, sími 899-1968. Netfang: www.gunnaringi@hornafjordur.is

Umsóknarfrestur er til **11. maí 2018** og skal stíla umsókn á: Gunnar Ingi Valgeirsson, Íþróttamiðstöð Hornafjarðar Hafnarbraut 27. 780 Höfn.

Gunnar Ingi Valgeirsson

Forstöðumaður Íþróttamannvirkja Hornafjarðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Tjarnarbrú á Höfn í Hornafirði



Til sölu

Lækkað verð: 25,2 m.kr.

Björt, falleg og vel skipulögð 5 herbergja, efri sérhæð í fallegu steypu tvíbýlishúsi byggðu 1959.

Íbúðin er nú með 3 svefnherbergjum og 2 stofum. Sameiginlegur inngangur og þvottahús er á neðri hæð. Rishæð er í séreign efri hæðar og er um 20 m² yfir fullri lofthæð. Íbúðin getur losnað fljótlega.



Fagradalsbraut 11
700 Egilsstaðir
Sími 580 7905
invi@invi.is
www.invi.is



Hjördís Hlírensóttir,
lög. fasteignasali og
lög. leiguséttari



Guðrún Magnúsdóttir,
lög. fasteignasali og
lög. leiguséttari



Hilmar Gunnarsson,
fasteignarfrógnari og
lög. fasteignasali

Opin vinnustofa

Listnemar í FAS verða með opna vinnustofu í Vöruhúsinu föstudaginn 4. maí frá kl. 13 til 16



Sýningin er afrakstur annarinnar sem unnin var í samstafi við Myndlistarskólann í Reykjavík. Unnið var í hugmyndavinnu, tvívídd og þrívídd.

Hvetjum alla til að mæta og skoða.

Samkaup

Tilboð til
Félagsmanna
3. maí. - 6. maí

ALLAR **systema**[®]
VÖRUR Á 30% AFSLÆTTI



30%
AFSLÁTTUR

*Vöruval getur verið mismunandi á milli verslana

Viltu gerast félagismaður?

- Hægt er að sækja um kort á heimasíðu Samkaupa: www.samkaup.is/afslattarkort
- Skráningargjald: 1.000 kr.
- Kortið veitir 2% afslátt af öllum þínum innkaupum.
- Þú færð kortið sent til þín innan nokkurra daga, en með bráðabirgðakortinu getur þú nýtt þér þessi tilboð.

nettó

KJÖRBÚÐIN
í næsta nágrenni